

# Erindisbréf fyrir Íþróttaráð Kópavogs

## I. Kafli Skipan og umboð

### 1. gr.

Íþróttaráð er kosið af Bæjarstjórn Kópavogs á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer með íþróttamál í umboði bæjarstjórnar, skv. reglugerðum og samþykktum sveitarstjórna og íþróttalögum nr. 64/1998.

### 2. gr.

Íþróttaráð er skipað fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Ráðið er kosið til fjögurra ára í senn. Á fyrsta fundi ráðsins eftir kosningu fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara.

## II. Kafli Fundir og starfshættir

### 3. gr.

Deildarstjóri íþróttadeildar er starfsmaður íþróttaráðs og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Hann undirbýr fundi ráðsins, situr fundi þess og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

### 4. gr.

Starfsmaður íþróttaráðs boðar fundi í samráði við formann þess. Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað. Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við.

Fjöldi funda íþróttaráðs er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Formanni ráðsins er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

### 5. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna, svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar ráðsins getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmanna óskar þess.

Íþróttaráðsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur nefndarmanna er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

### 6. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í ráðinu skv. IV kafla samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010 fer eftir því sem við á skv. II. og III. kafla.

Formaður íþróttaráðs stýrir fundum ráðsins. Fundir ráðsins skulu jafnar haldnir fyrir luktum dyrum. Íþróttaráð getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur ráðið boðið aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekið mál.

Þeir sem sitja fundi ráðsins skulu gæta fylsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum.

#### **7. gr.**

Íþróttaráð skal halda gerðarbók og kjörinn ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010.

#### **8. gr**

Íþróttaráð skal við undirbúning mála og stjórnvaldsáskvarðanir gæta þess að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

### **III. Kafli**

#### **Hlutverk og markmið**

#### **9. gr**

Hlutverk og verkefni íþróttaráðs er:

- Að móta og framfylgja pólitískri stefnumörkun íþróttamála í bæjarfélaginu. Að fylgjast með framkvæmd íþróttamála með hliðsjón af stefnumörkun í málaflokkunum.
- Að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði/aðstaða fyrir starfsemi í málaflokknum.
- Að starfa í umboði bæjarstjórnar/bæjarráðs og vera til ráðgjafar um íþróttamál
- Að starfa samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hverju sinni.
- Að fara að öðru leyti með verkefni á sviði íþróttamála sem ráðinu eru falin af bæjarráði, bæjarstjórn og/eða samkvæmt lögum.

Markmiðum sínum leitast ráðið meðal annars við að ná með því að:

- Sjá um stefnumótun fyrir íþróttir í Kópavogi.
- Sjá um að stefnumótun um íþróttir sé fylgt eftir með gerð aðgerðaráætlana.
- Stuðla að því að sjónarmið íþróttar og hollrar hreyfingar, í víðtækum skilningi, séu fléttuð í alla stefnumótun og aðgerðir á vegum bæjarins.
- Stuðla að aukinni þekkingu og fræðslu um íþróttamál á meðal bæjarbúa, ekki síst í þeim stofnunum/félögum sem fara með málefni barna og unglinga að gera.
- Hafa tengsl við félagasamtök, stofnanir og aðra aðila sem hafa með íþróttamál á stefnuskrá sinni og vera þeim ráðgefandi aðili.
- Fylgjast með því að styrkir bæjarins nýtist samkvæmt þeim markmiðum sem þeir veittir til.
- Eiga aðild og hafa frumkvæði að gerð skoðana-/viðhorfskannana um þjónustu sveitarfélagsins og sviði íþróttamála.
- Að stuðla að því að ávallt liggja fyrir sem gleggstar upplýsingar um íþróttamál í Kópavogi svo veita megi íbúum Kópavogs upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er á vegum bæjarfélagsins sem og annarra aðila.

#### **10. Gr.**

Ákvarðanir íþróttaráðs taka formlega gildi við staðfestingu bæjarráðs nema þær séu þess eðlis að bæjarráð vísi þeim til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn.

Fundargerðir íþróttaráðs skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar og samþykktar nema um sé að ræða tillögur um fjárútlát utan fjárhagsáætlunar. Slíkum tillögum skal vísa til bæjarráðs.

#### **11. Gr.**

Íþróttaráð skal vinna að stefnumörkun í íþróttamálum. Vinna að aukinni fræðslu um íþróttamál á meðal íbúa í Kópavogi, starfsmanna Kópavogsbæjar og hafa samstarf við þá aðila sem að slíkum málum vinna. Einnig að hvetja bæjarbúa til þátttöku í, hvort sem er skipulögðu íþróttastarfi, og/eða almennri ástundun íþróttanna í bæjarfélaginu.

### **IV. Kafli**

#### **Hæfi og skyldur nefndarmanna**

#### **12. Gr.**

Íþróttaráð skal leitast við í allri sinni ákvarðanatöku að hafa hagsmuni allra bæjarbúa að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra.

Kjörnir fulltrúar, nefndarmenn og stjórnendur, sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru vísast til samþykktar bæjarstjórnar frá 12. maí 2009, um siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa og stjórnenda.

#### **13. Gr.**

Íþróttaráð hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki íþróttadeildar menntasviðs. Kjörnir fulltrúar koma ekki að ráðningarávaldi umfram lögboðnar umsagnir, sbr. 61. og 62. grein bæjarmálasamþykktar.

Rekstur stofnana, starfsmannamál og gerð fjárhagsáætlunar er á ábyrgð sviðsstjóra menntasviðs og deildarstjóra íþróttadeildar. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir innan embættismannakerfisins fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

Íþróttaráð kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum.

### **IV. Kafli**

#### **Gildistaka**

#### **14. Gr.**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar 538/2010, sbr. br. 217/2011. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarráði og bæjarstjórn Kópavogs og tekur gildi 12. janúar 2012.